

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafizt þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi. Til vara hefir stefndur krafizt sýknu og málskostnaðar hefir hann krafizt, hvernig sem málið fer.

Frávisunarkröfuna reisir stefndur á því að mál þetta sé allt of seint höfðað, þar sem málshöfðunarfresturinn sé í 12. gr. lögtakslaganna ákveðinn 8 vikur frá lögtaksdegi.

Stefnandi hefir nú í þessu máli notað sáttaumleitanirnar frá fyrrgreindu skaðabótamáli sínu, er frávísað var 11. júní 1929, en ekki leitað sátta á ný og eru sáttakærurnar birtar 16. maí 1928 og 15. marz 1929, en þar sem rúmlega 15 mánuðir liða frá því að mál út af lögtaksgerðinni var síðast fyrir rétti (frávisun hæstaréttar) og þar til máli þessu er stefnt fyrir rétt, þykir verða að fallast á það hjá stefndum, að mál þetta sé of seint höfðað eftir nefndri lagagrein og ber því að taka frávisunarkröfu stefnds til greina, og tildæma honum málskostnað er ákveðst 200 krónur.

Mánudaginn 9. apríl 1934.

Nr. 118/1933. **Valbjörg Kristmundsdóttir**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Páli Þorleifssyni (Enginn).

Frávisun.

Dómur einkalögregluréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 6. febr. 1932.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins dags. 31. júlí 1933 var stefnanda máls þessa, Valbjörgu Kristmundsdóttur, samkvæmt heimild þeirri, sem veitt er í 30. gr. hæstaréttarlaganna, veitt leyfi til að fá málið af nýju tekið til meðferðar í hæstarétti, þótt það hefði verið dæmt þar hinn 24. okt. 1932. Sam-

kvæmt leyfi þessu hefir nefnd Valbjörg Kristmundsdóttir á ný stefnt málinu fyrir hæstarétt með stefnu dags. 26. okt. f. á., eftir að hafa fengið til þess gjafsókn og sér skipaðan talsmann. Á stefnuna, sem lögð hefir verið fram í hæstarétti, er rituð svohljóðandi yfirlýsing:

„Að framanrituð hæstaréttarstefna sé mér löglega birt, og að mér hafi verið afhent afrit af henni, vottast hér með, með eiginhandar undirskrift.

Hjarðarbóli, 27. nóvember 1933.

Páll Þorleifsson“.

En stefnuvottarnir hafa hvorki með áritun á stefnuna né á annan hátt vottað, að það sé stefndi, er hafi undirritað yfirlýsingu þessa eða að stefnan hafi verið birt honum, og þetta er heldur eigi sannað með vottorði notarii publici. Það brestur þannig sönnun fyrir því, að stefnan hafi verið löglega birt stefnda, og þar sem hann hvorki hefir mætt né látið mæta við fyrirtekt málsins í hæstarétti, verður ex officio að vísa því frá réttinum.

Eftir þessum úrslitum á málskostnaður í hæstarétti að falla niður og verður hinum skipaða talsmanni stefnanda eigi að svo stöddu dæmd málflutningslaun.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti. Málskostnaður fellur niður.